

Ársskýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2023.

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og matvælaráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu eftirfarandi:

Aðalheiður Jóhannsdóttir stjórnarformaður og Kári Hólmur Ragnarsson af hálfu Háskóla Íslands;

Anna Jóhannsdóttir og Birgir Hrafn Búason af hálfu utanríkisráðuneytisins;

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir og Agnar Bragi Bragason af hálfu matvælaráðuneytisins.

Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar.

Stjórnin hélt einn formlegan fund á árinu, í mars.

Hinn 2. júní efndi Hafréttarstofnun til málstofu á Litla torgi, Háskólatorgi, Háskóla Íslands, til málstofu undir heitinu „Nýr hafréttarsamningur: Líffræðileg fjölbreytni hafsins utan lögsögu ríkja.“ Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, setti málstofuna og erindi fluttu Birgir Hrafn Búason, deildarstjóri þjóðréttarmála í utanríkisráðuneytinu og formaður sendinefndar Íslands á ríkjaráðstefnunni sem gerði samninginn, Sigrún Perla Gísladóttir, fulltrúi Ungra umhverfissinna, Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við lagadeild H.Í. og stjórnarformaður Hafréttarstofnunar, og Snjólaug Árnadóttir, lektor við lagadeild H.R. og forstöðumaður Sjálfbærni- og loftslagsréttarstofnunar. Málstofustjóri var Tómas H. Heiðar, varaforseti Alþjóðlega hafréttardómsins og forstöðumaður Hafréttarstofnunar. Málstofan var fjölsótt og spunnust líflegar umræður.

Hafréttarstofnun er ein sex stofnana sem stendur að Ródos-akademíunni í hafrétti og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti á Ródos í Grikklandi er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum og var það haldið 2.-21. júlí í ár. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í annarri viku námskeiðsins. Alls tóku um 50 manns þátt í námskeiðinu. Hafréttarstofnun veitti fimm þátttakendum frá Íslandi styrki til þátttöku í námskeiðinu: Hendrik Daða Jónssyni, Gísla Rúnari Gíslasyni, Njáli Ragnarssyni og Sigríði Skaftadóttur. Enn fremur veitti stofnunin fimm einstaklingum frá þróunarlöndum, Egyptalandi, Ekvador, Míritíus, Míkrónesíu og Nígeríu, styrki til þátttöku í námskeiðinu, en þróunarsamvinnuskrifstofa utanríkisráðuneytisins veitti sérstakt framlag vegna þriggja síðastnefndu styrkjanna.

Forstöðumaður hélt fyrirlestra í eftirfarandi háskólum og stofnunum á árinu: Lagadeild Háskóla Íslands í febrúar og mars; Queen Mary University of London, School of Law, Lundúnum, Bretlandi, í mars; Yeosu Academy of the Law of the Sea, Yeosu, Suður-Kóreu, í mars; IMO International Maritime Law Institute (IMLI), Msida, Möltu, í maí; British Institute of International & Comparative Law (BIICL), Lundúnum, Bretlandi, í maí og desember; Oxford University, Bretlandi, í júní og nóvember; Ródos-akademíunni í hafrétti, Ródos, Grikklandi, í júlí; Kadir Has International Law of the Sea Academy, Ístanbúl, Tyrklandi, í júlí; IFLOS Summer

Academy, Hamborg, Þýskalandi, í ágúst. Forstöðumaður þáði enn fremur boð um þátttöku í fjölda alþjóðaráðstefna á árinu þar sem hann hélt fyrirlestra um málefni á sviði hafréttar.

Loks skal þess getið að á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í hafrétti við deildina.